

Starfsemi Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Líkt og aðrar stofnanir fylgir Félagsþjónustan leiðbeiningum og ákvörðunum stjórnvalda frá degi til dags. Eftirfarandi ráðstafanir hafa verið gerðar:

- Allir þjónustuþættir félagsþjónustu eru virkir; barnavernd og grunnþjónusta sveitarfélaganna sem er undir verkstjórn og á ábyrgð hennar, þ.e. félagsleg heimþjónusta, liðveisla og akstursþjónusta.
- Frestað er fundum sem ekki eru brýnir og frekar notast við fjarfundi, símafundi og tölvupóst.
- Heimasíða Félags- og skólaþjónustunnar er:
 - <http://www.felagsogskolamal.is/>
- Tölvupóstföng:
 - Félagsþjónusta: felagsmal@felagsmal.is
- Þjónustusímar eru:
 - Félagsþjónusta: 487-8125
 - Barnavernd 112 (eftir kl. 16 virka daga, kvöld, helgar og hátíðardaga)

Nú breytist allt svo hratt að við erum alltaf að endurskoða. Nú ætlum við að taka upp verklag frá öðrum félagsþjónustum og skipta okkur í tvo hópa. Annar hópurinn verður á skrifstofunni á meðan hinn vinnur heima. Þetta fyrirkomuleg verður unnið viku og viku í senn samkvæmt ráðleggingum. Sem sagt að helmingur er heima í viku en á skrifstofunni næstu viku. Þetta gerum við til að koma í veg fyrir að samgangur sé á milli okkar allra hér og að ef smit kemur upp þá sé hinn hópurinn ekki endilega einnig í hættu. Ef við vinnum þetta svona eru meiri líkur á að við getum haldið félagsþjónustunni gangandi.

Reynt verður að takmarka mjög komur skjólstæðinga/þjónustuþega á skrifstofunna. Við munum frekar afgreiða eins mörg mál og við getum í gegnum síma og/eða tölvupóst. Símaviðtöl og fjarfundir eru verkfærin sem við munum nýta okkur.

Beinn sími hjá starfandi félagsmálastjóra er: 862-1988.